

Sp. 582. Tillaga til þingsályktunar [199. mál]
um endurskoðun laga um jarðakaup ríkisins o. fl.

Flm.: Helgi Bergs, Ólafur Jóhannesson, Ágúst Þorvaldsson.

Alþingi ályktar að kjósa hlutfallskosningu sjö manna nefnd til að endurskoða lög nr. 92 23. júní 1936, um jarðakaup ríkisins, og önnur gildandi lagaákvæði, sem varða kaup, meðferð og sölu ríkisjarða, og gera svo fljótt sem verða má tillögur um lagabreytingar og ný lagaákvæði, sem miða að því:

- 1) að auðvelda þeim, sem hætta verða búskap vegna aldurs eða annarra orsaka, að koma eignum sínum í verð, og skapa jafnframt skilyrði fyrir betri skipu-

lagningu með því, að ríkið kaupi eyðjarðir eða jarðir, sem ella færu í eyði, svo og aðrar jarðir, sem ekki eru nytjaðar með eðlilegum hætti;

- 2) að efla þá starfsemi Landnáms ríkisins, sem lýtur að því að gera heildarskipulag fyrir landbúnaðarbyggðirnar, sbr. 28. gr. laga nr. 75 27. apríl 1962, um stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum;
- 3) að tryggja sem bezt umráða- og eignarrétt bænda á jörðum og opinbera aðstoð við eigendaskipti, m. a. með stórauðnu lánsfé til jarðakaupa, svo að þeim, sem leggja vilja stund á búskap, sé gert sem auðveldast að eignast jörð eða fá hana til erfðaábúðar. Jafnframt séu möguleikar athugaðir á því, að ríkisjarðir, sem felldar hafa verið inn í heildarskipulag byggðarinnar, séu seldar með hagkvæmum kjörum þeim, sem vilja nytja þær til ábúðar í samræmi við staðfest skipulag;
- 4) að tryggja sjálfseignarbændum eðlilegt öryggi um verðgildi eigna sinna og jafna aðstöðu þeirra og leiguliða um þau efni;
- 5) að settar verði reglur um mat á jarðeignum til kaups og sölu í því skyni að skapa meiri festu í verðlagningu slíkra verðmæta.

Nefndin skal leita aðstoðar þeirra embættismanna og sérfræðinga, sem um þessi mál fjalla, svo og Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda.

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Sjálfsgagt eru flestir sammála um það, að æskilegt sé, að bændur eigi sjálfir það land, sem þeir nytja. Á það jafnt við, hvort sem einn bóndi nytjar landið eða fleiri í félagsbúi.

Öðru máli gegnir um það land, sem ekki er nytjað. Eðlilegt er, að slíkt land sé í opinberri eign. Það er sameiginlegt mál allrar þjóðarinnar að tryggja það, að land okkar og möguleikar þess til verðmætasköpunar séu nýttir á sem beztan hátt. Land, sem er í eyði eða órátt, er því eðlilegt að þjóðfélagsheildin eignist í því skyni að ráðstafa því á nýjan leik til þeirra nota, sem hagkvæmest sýnast og í samræmi við þjóðarhagsmunum.

Í lögum nr. 92 23. júní 1936, um jarðakaup ríkisins, er byggt á öðrum sjónarmiðum. Þar er ríkinu aðeins heimilað að kaupa jarðir, og það er þar eitt megin-skilyrði fyrir því, að ríkið geti keypt jörð, að tryggt sé, að hún byggist til erfðaábúðar (sbr. lög nr. 102 21. des. 1962). Flutningsmenn telja það ekki keppikefli í sjálfu sér, að ríkið eigi jarðir. Þvert á móti teljum við það æskilegt, að þeir, sem vilja nytja jarðirnar, geti eignast þær með sem auðveldustum hætti.

Vissulega er æskilegt og að því ber að stuðla, að sem flestar góðar bújarðir haldist í byggð og séu nytjaðar, en þá, sem landbúnað stunda, skiptir það mestu máli:

- 1) að þeir, sem vilja hefja búskap, geti fengið jarðnaði og aðstöðu með sem hagkvæmstum hætti;
- 2) að þeir, sem stunda búskap, búi við góða afkomu og sem mest öryggi um framtíð sína;
- 3) að þeir geti komið eignum sínum í eðlilegt verð, þegar þeir vilja hætta búskap vegna aldurs eða annarra orsaka.

Þessi þáttill. gerir ráð fyrir, að gildandi löggjöf verði endurskoðuð með hliðsjón af því, sem segir í 1. og 3. tölul., og jafnframt með það í huga, að þjóðinni allri er það mikilsvert, að skipulag landbúnaðarins og byggðarinnar í sveitum þrívist með eðlilegum hætti í samræmi við kröfur samtímans.

Það eru vaxandi brögð að því, að jarðir fari í eyði og að fullorðnir bændur verði að ganga frá aleigu sinni án þess að koma henni í verð. Samkvæmt skýrslu Landnáms ríkisins, sem prentuð er sem fylgiskjal með frv. þessu, er nú réttur fjórðungur lögbýlisjarða í eyði og verulegur hluti þeirra ekki talinn endurbyggja-

legur. Öðrum þræði á þessi þróun rót sína að rekja til þeirrar atvinnubyltingar, sem á sér stað hér eins og annars staðar og er afleiðing aukinnar tækni og forsenda vaxandi velmegunar. En það eru ekki bara kotjarðirnar, sem þannig fara, heldur eru þess einnig dæmi um kostjarðir í búsaeldarsveitum. Tilviljunin ein má ekki ráða þessari þróun. Við verðum að stýra henni og draga úr þeim þjóðfélagslegu og persónulegu harmsögum, sem hún hefur í för með sér. Það er ekki sæmilegt fyrir okkur, sem höfum nú úr meiru að spila en nokkru sinni, að láta það ástand skapast, að fullorðnir bændur, sem erjað hafa jörðina af elju og trúmennsku langa ævi, sjái að lokum þann kost einan að ganga slyppir og snauðir frá öllu saman og skilja eignir sínar og ævistarf eftir til að fara í órækt og niðurníðslu.

Þess vegna er gert ráð fyrir því í 1. tölul. tillögunnar, að ríkið kaupi eyðijarðir. Jafnframt ætti þó að athuga, hvort til greina kæmi að styrkja sveitarfélögin til að neyta þess réttar, sem þau eiga í þessu efni samkvæmt ábúðarlögunum.

En það er líka æskilegt fyrir ríkið að ná fullum umráðarétti yfir ónotuðu landi til þess að geta tryggt hagkvæmt skipulag landsins og sem bezta nýtingu þess í framtíðinni. Þess vegna er í 2. tölul. tillögunnar gert ráð fyrir að efla skipulagsstarf landnámsins. Þar er fyrir hendi mikið verk og vandasamt. Þó að hagkvæm nýting landsins til landbúnaðar sé í þessu sambandi aðalatriðið, er fjölmargt fleira, sem hafa verður í huga. Sífellt þarf meira land til ýmissa annarra þarfa þjóðfélagsins, ekki aðeins fyrir iðnað og þéttbýlismyndun, heldur þarf einnig sivaxandi fjöldi bæjarfólks að hafa skilyrði til heilbrigðrar útivistar og samskipta við náttúru landsins. Það má ekki verða tilviljunum undirorpið. T. d. mega hlunnindi jarða ekki verða til þess að leggja þær beinlínis í eyði, eins og dæmi eru um.

Nú er það ekki keppikefli í sjálfu sér, að ríkið eigi jarðir, en þegar kemur að því að ráðstafa jörðum, sem ríkið hefur átt, er mikill vandi á höndum. Margir óttast þá hættu, sem fólgin er í því, að kaupandi, ef hún yrði seld, mundi ekki nýta hana með eðlilegum hætti, heldur færi hún að ganga kaupum og sölum í gróðaskyni. Gildandi löggjöf hefur mjög mótazt af þessum ótta, sem á fyllilega rétt á sér, sérstaklega meðan sveitabyggðirnar eru skipulagslausar. En með skipulagningu byggðanna mundi draga úr þessari hættu. Jarðir, sem seldar yrðu, mundu vera með kvöð um þá nýtingu, sem skipulag gerði ráð fyrir, og undan sölu yrðu skilin þau hlunnindi, sem líkleg gætu orðið til að valda misnotkun jarðarinnar með sýndarþúskap. Ef jafnframt er gert ráð fyrir lagaákvæðum um, að ríkið kaupi þær jarðir, sem ekki eru nytjaðar með eðlilegum hætti, virðist sem mjög megi draga úr þeirri hættu, sem hér er á ferðum.

Í ýmsum tilvikum mundi skipulagið ekki gera ráð fyrir, að jörð yrði byggð að nýju í fyrirsjáanlegri framtíð. Yrði þá jörðinni ráðstafað á annan hátt í samræmi við skipulagið, lögð við nágrannajörð, undir þéttbýli, til afréttar o. s. frv., eftir því sem við á. Í slíkum tilvikum yrði jörð eða jarðarhluti aðeins seld nágrannabónda eða sveitarfélagi.

Að sjálfsögðu er ekki verið að gera því skóna, að ríkið hætti að láta ríkisjarðir í erfðaábúð, þó að aðrir möguleikar kynnu að verða opnaðir.

Í þessu sambandi kemur einnig til athugunar staða ríkisins sem landsdrottins.

Loks gerir tillagan einnig ráð fyrir, að settar yrðu reglur um, hvernig jarðir skuli metnar, en á því er mikil nauðsyn að skapa um það meiri festu.

Fylgiskjal.

ÚTDRÁTTUR

úr skýrslu Landnáms ríkisins um lögbýlisjarðir í landinu, ábúð þeirra og eyðijarðir í fardögum 1964.

Jarðatalan í hreppum og sýslum er byggð á fasteignamati frá 1957 að viðbættum um þeim lögbýlum, sem búseta er komin á frá þeim tíma og samþykkt hafa verið sem lögbýli af nýbýlastjórn ríkisins og fengið lögfestingu menntamálaráðuneytis-

ins á nafnfesti og hafa verið metin millimati til sérstaks fasteignamats. Heimildargögn fyrir aukningu jarðatölnunnar er jarðaskrá landnámsins og spjaldskrá þess um nýbýli. Þau nýbýli, sem ekki eru komnar byggingar og búseta á, eru ekki tekin í yfirlit þetta.

Samkvæmt þessari skilgreiningu eru lögbyli alls í landinu að meðtöldum kaup-
túnahreppum og kaupstöðum að undantekinni Reykjavík 7242, og í ábúð af þeim og með búsetu eru 5438 jarðir, en eyðijarðir 1804. Af heildarjarðatölnunni eru í kaup-
stöðum, þó að undanskildum Ólafsfjarðarkaupstað og Akureyrarlögsagnarumdæmi, 76 byggðar jarðir og 118 eyðijarðir, en langflestar notaðar af þeim, er fénað hafa í kaupstöðunum, en aðilar hafa ekki búsetu á jörðunum.

Eyðijarðatalan í öðrum dálki skýrslunnar er byggð á skýrslum frá 199 hrepp-
stjórum úr jafnmörgum hreppum, en það eru allir sveitahreppar að einum undan-
skildum, Innri-Akraneshreppi, og auk þess er byggt á sömu gögnum frá lögreglu-
stjórum í Ólafsfjarðar- og Akureyrarkaupstöðum, en í þeim kaupstöðum eru all-
margar hújarðir byggðar og nokkrar ábúðarlaugar. Eru þær í yfirlitinu teknar með
jarðatölu Eyjafjarðarsýslu. Í Innri-Akraneshreppi og 16 kauptúnahreppum er eyði-
jarðatalan byggð á jarðaskrá Landnáms ríkisins fardagaárið 1963, og eru þar taldar
eyðijarðir allar þær, sem ekki er framtalinn bústofn frá. Í þessum 199 sveitahrepp-
um að meðtöldum Ólafsfirði og Akureyri, en undanskildum Vestmannaeyjum, eru
byggðar jarðir alls 5362 og eyðijarðir 1686 að tölu.

Bygðu jarðirnar skiptast þannig eftir því, hverjar búgreinar eru á þeim hafðar:

1. Aðalbúgreinar: nautgripir, sauðfé og hross 5233
2. Aðalbúgreinar: garð- og gróðurhúsaræktun, alifugla- og svínarækt 129

Samtals 5362

Eftir eignarumráðum skiptast eyðijarðir 199 hreppsfélaga og tveggja kaupstaða
þannig:

Einkaeign	1097 jarðir
Hreppseignir	81 jörð
Ríkiseignir	201 jörð
Óviss eignarumráð	307 jarðir

Samtals 1686 jarðir

Af einkaeignunum eru 761½ jörð ekki nytjaðar af eigendum, en 335½ jörð eru
nytjaðar af eigendum, og í allmörgum tilfellum er hér að ræða um sameiningu
jarða eða sérmetinna jarðeigna með sama nafni, þó að frá þeim breytingum hafi
ekki verið formlega gengið að sameina jarðirnar í fasteignamati, en þeim haldið
sérmetnum af einhverjum persónulegum aðstæðum. Hreppseignirnar, 81 jörð, eru
flestar þegar gerðar að afréttarlöndum og sumar þeirra beint keyptar í þeim til-
gangi. Ríkiseignirnar eru í umsjá hreppstjórnanna og ráðstafað með ýmsum hætti,
oft frá ári til árs eða til lengri tíma.

Undir óviss eignarumráð eru taldar jarðir í þeim tveimur hreppum, sem alger-
lega eru fallnir í auðn, en í þeim hreppum eru 103 lögbýlisjarðir. Mestur hluti
þeirra jarða er í einkaeign, en á 204 jörðum hafa hreppstjórar ekki tekið fram,
hverjir væru eigendur jarðanna, enda mun í vissum tilfellum vera alger óvissa um
jarðir, sem komnar eru í eyði fyrir 100 árum eða meira, hvort þær eru eign not-
enda, enda sumar þeirra á engan hátt nýttar nema sem afréttarlönd.

Við athugun og endurmat á umsögnum hreppstjóra, hvort jarðirnar teljist end-
urbyggingarhæfar, er niðurstaða Landnáms ríkisins, að ekki komi til greina að
hugsa til endurbyggingar á 858 jarðanna, og er það nær því að vera helmingur eyði-
jarða í sveitahreppunum í landinu. Ófullnægjandi upplýsingar um endurbyggingar-

hæfni eru á 382 jörðum, og eru þá í þeirri tölu áður umgetnar 103 jarðir í Sléttu- og Grunnavíkurreppum.

Um 279 jarðir gefa hreppstjórar engar upplýsingar varðandi þetta atriði, en af líkum má ráða, og að svo miklu leyti sem staðþekking nær til, eru litlar líkur fyrir, að þessar jarðir komi til greina til endurbyggingar, en þó með nokkrum undantekningum.

Hreppstjórar telja hæfar til endurbyggingar 451 jörð, og má á það fallast um flestar þeirra, einkum ef haft er í huga, að viðkomandi sveitarfélögum yrði styrkur að endurbyggingu þeirra, en sé einnig litið á önnur sjónarmið, svo sem kostnað við að gera jarðirnar búhæfar og líklegt búrekstrargildi jarðanna fyrir þá, er tækju jarðirnar til endurbyggingar, þurfa nánari athuganir að fara fram í samráði við sveitarstjórnir, hverjar þeirra jarða yrðu endurbyggðar.

Hér fara á eftir tvær yfirlitsskýrslur um framangreind atriði.

Yfirlit um tölu lögbýlisjarða í sýslum, tala eyðijarða og jarðir í ábúð í fardögum 1964.

Í fardögum 1964:	Jarðir alls í sýslum	Eyðijarðir 1964	Jarðir í ábúð 1964
Borgarfjarðarsýsla	254	27	227
Mýrasýsla	212	34	178
Hnappadalssýsla	82	10	72
Snæfellsnessýsla	242	91	151
Dalásýsla	223	42	181
Barðastrandarsýslur	267	84	183
Vestur-Ísafjarðarsýsla	179	93	86
Norður-Ísafjarðarsýsla	260	153	107
Strandasýsla	194	58	136
Vestur-Húnavatnssýsla	232	38	194
Austur-Húnavatnssýsla	270	65	205
Skagafjarðarsýsla	534	115	419
Eyjafjarðarsýsla með Ólafsfirði og Akureyri	529	116	413
Suður-Þingeyjarsýsla	568	99	469
Norður-Þingeyjarsýsla	219	55	164
Norður-Múlasýsla	405	89	316
Suður-Múlasýsla	399	128	271
Austur-Skaftafellssýsla	148	31	117
Vestur-Skaftafellssýsla	237	54	183
Rangárvallasýsla	589	120	469
Árnessýsla	730	126	604
Gullbringusýsla	281	138	143
Kjósarsýsla	162	22	140
Vestmannaeyjar	26	16	10
Samtals	7242	1804	5438

Endurbyggingarhæfni eyðijarða.

	Taldar hæfar til endurb.	Ekki byggilegar	Ófullnægjandi upplýsingar	Eyðijarðir alls
Borgarfjarðarsýsla	6	12	9	27
Mýrasýsla	13	20	1	34
Hnappadalssýsla	6	4	-	10

	Taldar hæfar til endurb.	Ekki byggilegar	Ófullnægjandi upplýsingar	Eyðijarðir alls
Snæfellsnessýsla	34	71	2	107
Dalásýsla	22	19	1	42
Austur-Barðastrandarsýsla	12	12	–	24
Vestur-Barðastrandarsýsla	20	26	14	60
Vestur-Ísafjarðarsýsla	13	67	13	93
Norður-Ísafjarðarsýsla	18	32	103	153
Strandasýsla	13	35	10	58
Vestur-Húnavatnssýsla	16	18	4	38
Austur-Húnavatnssýsla	27	35	–	62
Skagafjarðarsýsla	26	67	22	115
Eyjafjarðarsýsla	31	61	1	93
Suður-Þingeyjarsýsla	27	66	–	93
Norður-Þingeyjarsýsla	19	35	–	54
Norður-Múlasýsla	40	31	9	80
Suður-Múlasýsla	9	61	58	128
Austur-Skaftafellssýsla	14	16	1	31
Vestur-Skaftafellssýsla	5	26	23	54
Rangárvallasýsla	39	59	22	120
Árnessýsla	34	54	38	126
Gullbringusýsla	2	21	39	62
Kjósarsýsla	5	5	12	22
Samtals	451	853	382	1686